

Reglugerð um notkun tækja

Í reglugerðinni er fjallað um tæki sem skilgreind eru sem vélar eða vélbúnaður, áhöld, verkfæri eða þess háttar búnaður sem notaður er á vinnustöðum.

Markmiðið

með reglugerðinni er að setja lágmarkskröfur um öryggi og hollustu þegar slík tæki eru notuð.

Reglugerðin fjallar m.a. um:

- Almennar skyldur
- Eftirlit með tækjum
- Vinnuvistfræði og hollustuhætti

Þar kemur m.a. fram eftirfarandi:



☞ Upplýsingar

Starfsmenn skulu hafa nægilegar upplýsingar og/eða ritaðar leiðbeiningar um tæki á vinnustaðnum.

☞ Hættuleg tæki

Tæki, sem sérstök áhætta fylgir, skulu einungis notuð af ákveðnum starfsmönnum. Viðhald og viðgerðir skulu aðeins vera á hendi sérstakra starfsmanna.

☞ Þjálfun

Starfsmenn, sem nota tæki, skulu fá nægilega þjálfun.



☞ Samráð við starfsmenn

Hafa ber samráð við starfsmenn og fulltrúa þeirra og tryggja þátttöku þeirra í framkvæmd reglugerðarinnar.

Reglugerðinni fylgja tveir viðaukar:

Í viðauka I eru settar fram lágmarkskröfur, m.a. um stjórnþúnað tækja, neyðarþúnað til stöðvunar, stöðugleika tækja, hlífabúnað og ýmsar verndar-ráðstafanir gegn sprengingum, bruna, ofhitun, útstreymi lofttegunda, ryks, vökva o.s.frv. Í viðbótar-lágmarkskröfum er fjallað um skilyrði sem sett eru

og varúðarráðstafanir varðandi hreyfanleg tæki og tæki til að lyfta byrðum.

Í viðauka II eru almenn ákvæði sem gilda um notkun allra tækja á vinnustöðum, um notkun hreyfanlegra tækja og tækja sem lyfta byrðum.

Reglugerðin (nr. 431/1997) fæst hjá Vinnueftirliti ríkisins.

VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Bíldshöfða 16 – 112 Reykjavík – Sími 567-2500 – Fax 567 4086
Netfang: vinnueftirlit@ver.is – Heimasíða: <http://www.ver.is>

